



Edda segir litanotkun Kjarvals fara eftir aðferðinni sem hann notar hverju sinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Litadýrð á Kjarvalsstöðum

Á Kjarvalstöðum er rýnt í litaval listamanna í tveimur nýjum sýningum.

arnartomas@frettabladid.is

Jóhannes S. Kjarval: Í íslenskum litum, er heiti nýrrar sýningar sem verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag. Þar er að finna verk Kjarvals úr safni Listasafns Reykjavíkur, en eins og nafnið gefur til kynna er litanotkun Kjarvals í brennidepli.

„Við erum að skoða litina í verkum Kjarvals og hvernig hann tekst á við þá, bæði í landslagsverkum, fantasíum og öðru,“ segir Edda Halldórsdóttir sýningarstjóri, sem segir litaval Kjarvals hafa verið fjölbreytt. „Hann notaðist við ýmsa liti og maður sér til dæmis gull og bleikan – skæra og skarpa liti sem voru nokkuð einstakir.“

Þá höfðu fjölbreyttar aðferðir Kjarvals líka sitt að segja. Í sumum verkum notar hann þykkt málningarlag þar sem er liturinn er þykkur, en í öðrum er léttari áferð sem virkar sem eins konar hula.

Á sýningunni er sjónum einnig beint að þeirri hugmynd Kjarvals að náttúra landsins væri litaspjald í sjálfu sér.

„Það var þessi litadýrð sem býr í íslenskri náttúru,“ segir hún og segir nokkur verk á sýningunni endurspeglja þá hugmynd vel. „Annars vegar eru verk þar sem litaspjöld blandast náttúrunni og birtast samofin hrauni og mosa. Svo eru önnur landslagsverk og náttúrumyndir sem heita Litaspjald. Þá er hann



Samkvæmt Kjarval var náttúra Íslands litaspjald í sjálfu sér.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ANTON BRINK

”

Hann notaðist við ýmsa liti og maður sér til dæmis gull og bleikan – skæra og skarpa liti sem voru nokkuð einstakir.

með myndir af grjóti eða mosa og titillinn er litaspjald, oft með undirtitli eins og „Sumar“ sem endurspeglar þá litina í náttúrunni eftir breytilegum árstíðum.“

## Litir sem kallast á

Sýningin á verkum Kjarvals kallast svo á við aðra sýningu sem verður opnuð í húsinu eftir viku. Þar verður yfirlitssýning á verkum Birgis Andrésónar, sem stýrt er af bandaríska listfræðingnum Robert Hobbs. Edda segir að með sýningunni á verkum Kjarvals sé verið að kinka kolli til Birgis, sem tekur yfir allt húsið þar fyrir utan.

„Birgir vann mikið með liti og skilgreindi þá íslensku liti sem honum fannst vera gegnumgangandi í íslenskum menningararfi,“ útskýrir hún. „Okkur fannst rétt að tengja þetta með einhverju móti. Við málum svo salina í þessum litum sem Birgir notaðist við. Þetta er mikil litadýrð.“ ■